

8. júní 1988

669

Nr. 301

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akureyrar hefur skipulagsstjórn hinn 1. júní 1988, fallist á og staðfest, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á aðalskipulagi Akureyrar að stofnanasvæði á reit, sem afmarkast af Munkaþverárstræti, Helgamagrastræti, Þórunnarstræti og nyrstu íbúðarhúsálóðunum á milli tveggja síðastnefndu gatnanna, verði tekið undir íbúðir.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. júní 1988.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

16. júní 1988

Nr. 302

## REGLUGERÐ

### um hækkun fjárhæða (frítækjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1988:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar .....	kr. 127 980
Hjón .....	kr. 179 145

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júní 1988.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*